

Reykjavík

20. janúar 2025

Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar um auglýsingu að breytingu á deiliskipulagi vegna Norðurstígsreits - Ægisgata 7 - USK24090343

Íbúaráð Vesturbæjar hefur áhyggjur af aukinni gististarfsemi í Gamla Vesturbæ. Í staðinn er mikilvægt að tryggja fjölbreytta starfsemi í hverfinu, meðal annars með góðri aðstöðu listafólks. Íbúar hafa bent á mörg atriði sem sýna fram á að þessi breyting mun hafa óheppileg áhrif á hverfið. Sérstaklega hefur ráðið áhyggjur af umferðaröryggi á svæðinu.